

**Nd.**

**684. Frumvarp til laga**

um sildarniðursuðuverksmiðju ríkisins.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að reisa og reka á Siglufirði verksmiðju til þess að sjóða niður og leggja sild í dósir.

Til þess að standast kostnað af byggingu verksmiðjunnar heimilast ríkisstjórninni að taka allt að 3 millj. kr. lán.

2. gr.

Tilgangur verksmiðjunnar er að hafa forustu um niðursuðu og niðurlagningu sildar í dósir með það fyrir augum að miðla reynslu og þekkingu á þessu sviði til annarra slíkra verksmiðja, sem reistar kunna að verða á landinu.

3. gr.

Ráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjuna til þriggja ára í senn. Önnur ákvæði um rekstur verksmiðjunnar svo og annað, er þurfa þykir í sambandi við byggingu hennar, skal ákveða í reglugerð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.